

Úthreinsun með Picoprep fyrir skurðaðgerð á ristli eða endaparmi

Fyrir skurðaðgerð á ristli og/eða endaparmi þarf að nota hægðalosandi lyf til að hreinsa ristilinn áður en til aðgerðar kemur. Mikilvægt er að fylgja neðangreindum fyrirmælum til að aðgerðin megi takast sem best.

Í innskriftarviðtali veitir læknir upplýsingar um hvaða lyf má taka meðan á úthreinsun stendur. Kaupa þarf hægðalosandi lyfið Picoprep og tvær túpur af Klyx 120 ml, en lyfin fást án lyfseðils í apóteki.

Daginn fyrir aðgerð

Daginn fyrir aðgerð á að borða tært fljótandi fæði. Einnig þarf að gæta þess að drekka að minnsta kosti 1,5 líter af vökva meðan á úthreinsun stendur og ráðlagt er hreyfa sig aðeins. Ef úthreinsivökvinn þykir bragðvondur getur verið ráð að kæla hann aðeins eða sjúga brjóstykur.

Til að fyrirbyggja óþægindi við endaparm er gott að nota mýkjandi eða vatnsfráhrindandi krem, svo sem AD krem, Vaselín eða Bepanthea áður en úthreinsunarvökvinn er drukkinn.

- Klukkan 11:00 er fyrri skammti af Picoprep dufti (eitt bréf) blandað í eitt glas af vatni (um 150 ml) skv. fylgiseðli lyfs og hrært í 2-3 mínútur. Úr verður skýjuð lausn og getur hún hitnað við blöndunina. Ef lausnin verður of heit, þarf að bíða með að drekka hana þar til hún kólnar hæfilega. Drekkja þarf að minnsta kosti 1,5 líter af tærum vökva meðan á úthreinsun stendur til að minnka hættu á vökvaskorti og slappleika. Algengt er að fyrstu hægðir komi um klukkustund eftir að lausnin er drukkinn en það geta liðið allt af fjórum klukkustundum í einstaka tilvikum.
- Klukkan 18:00 er seinni skammtur af Picoprep dufti blandað á sama hátt og fyrir í 150 ml af vatni. Drekkja þarf 1,5 líter af tærum vökva meðan á úthreinsun stendur.
- Um klukkan 21:00 þarf að setja hægðalosandi lyf (Klyx) í endaparm. Í lok úthreinsunar á vökvinn sem gengur niður að vera orðinn tær eða gulleitur og tægjulaus.

Aðgerðardagur: _____ dagur _____

- Drekka má tæra vökva (ekki þamba) þar til tvær klukkustundir eru til komu á spítalann.
- Klukkan _____ þarf aftur að setja hægðalosandi lyf (Klyx) í endaparm.

Dæmi um tært fljótandi fæði:

- Tært fitulítið soð, t.d. soð af teningum
- Síaðar tærar grænmetissúpur
- Síaðar ávaxta- og saftsúpur
- Hafraseyði eða hrísgrjónaseyði
- Ávaxtahlaup (jello)
- Ávaxtasafar, t.d. epla- eða ananassafi
- Frosnir ávaxtasafar (frostpinnar án súkkulaði)
- Gosdrykkir
- Gatorade (ávaxtadrykkur)
- Orkudrykkir, ekki mjólkurlagaðir
- Te og kaffi, gjarnan með sykri eða hunangi

Athugið að mjólkurvörur eru ekki tærar

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja ef spurningar vakna.

Innskriftarmiðstöð 10E, sími 543 2200, Landspítala Hringbraut